



Pessi unga og efnilega leikkona, Jana Valborg Bjarnadóttir, lék sjálfa Línu Langsokk á árhátíð Þingeyjarskóla á dögunum. Og það leykir sér varla að hún hefur gert vel!

skarpur
þingeyskur • fréttamiðill
í blaðinu í dag

**Kvennagötur og
Guðjohnsenstorg**

**Æskan
og skáldin
í Öxarfirði**

**Bakarar
og smiðir**

**Opal fær
alþjóðleg
verðlaun**

**Ungir
sundkappar**

Forsíðumynd:
Halldóra Kristín Bjarnadóttir

Könnunarsögusafnið hyggst byggja við og halda alþjóðlega hátíð:

Tunglferja í fullri stærð smíðuð á Húsavík!



Örlygur Hnefill Örlygsson og faðir hans og nafni að baki þeim Marinu Rees frá Fjúk, listamiðstöð og Arnari Ómarssyni, listrænum stjórnanda Húsavík Explorers Festival. Á skjánum í beinu sambandi frá Ítalíu voru þau Francesco Perini og Giuditta Gubbi. Mynd: Heiðar Kristjánsson.

Á blaðamannafundi í Könnunarsögusafninu á Húsavík í gærmorgun, kynnti safnstjórinn Örlygur Hnefill Örlygsson, ýmsa viðburði sem eru í gangi og í bígerð hjá þessu sívaxandi safni en hróður þess hefur borist víða

um heim.

Tilkynnt var um verðlaunahafa Könnunarverðlauna Leifs Eiríkssonar en þetta er í fyrsta sinn sem safnið veitir slík verðlaun. Þau eru veitt í þremur flokkum og hlaut tunglfarinn Harrison Schmitt aðal

verðlaunin fyrir rannsóknarvinnu sína á tunglinu árið 1972. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands afhenti honum verðlaunin fyrir hönd safnsins er hann var hér á landi í sumar.

Ástralska siglingakonan Jessica Watson hlaut verðlaunin í flokki ungra landkönnuða undir 35 ára aldri fyrir 210 daga siglingu sína umhverfis hnöttinn á suðurhveli árið 2010, en hún lauk hringferð sinni þrem dögum fyrir 17 ára afmæli sitt. Er hún yngst til að hafa siglt umhverfis jörðina án þess að stöðva og án aðstoðar.

Í flokki sagnfræðinga hlaut verðlaunin Dr. Huw Lewis-Jones frá Bretlandi, en hann hefur skrifað fjölda bóka um könnunarleiðangra og hefur í vinnu sinni lagt sérstaka áherslu á leiðangra um heimskautasvæðin.

Mun hann leiða dómnefnd næstu verðlauna sem veitt verða haustið 2016. Aðrir meðlimir dómnefndar næsta árs voru

jafnframt kynntir og eru það þau Air Trausti Guðmundsson, Francesco Perini, Giuditta Gubbi og Vilborg Arna Gissuradóttir. Verða verðlaun næsta árs afhent í lok þriggja daga hátíðar sem fram fer á Húsavík á næsta ári.

Þetta er stór alþjóðleg könnunarhátíð, Húsavík Explorers Festival sem fer fram í september og samanstendur af fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, listsýningum og tónleikum, en þema hátíðarinnar er könnun í sinni víðustu mynd. Heimspekkir landkönnuðir og geimfarar verða meðal gesta, auk þjóðþekkttra listamanna.

Í lok fundar var kynnt viðbygging við safnið og bygging eftirgerðar tunglferju í fullri stærð, en hún verður afhjúpuð vorið 2019, en á því ári verða 50 ár frá fyrsta flugi tunglferju í Apollo 9 og jafnframt 50 ár frá lendingu Neil Armstrong og Buzz Aldrin á tunglinu í slíku fari. Slíkar eftirlíkingar eru til sýnis í nokkrum



Tunglferja í Smithsonian Air and Space Museum í Bandaríkjunum, en það safn mun aðstoða við verkefnið á Húsavík, m.a. með því að leggja til teikningar.

söfnum í Bandaríkjunum og í einu safni í Bretlandi og draga að fjölda gesta. Er verkefnið unnið í samstarfi við geimfarana sjálfa sem eru mjög ánægðir að sjá þessari sögu haldið á lofti á Íslandi. JS

skarpur

þingeysskur fréttamiðill

Garðarsbraut 56 • 640 Húsavík
Útgefandi: Ásprent Stíll ehf.

Sími: 464 2000 Farsími blaðamanns: 898 1706

Veffang: www.skarpur.is • Netfang: skarpur@skarpur.is

Ritstjóri: Jóhannes Sigurjónsson (skarpur@skarpur.is)

Ábyrgðarmaður: Jóhannes Sigurjónsson (skarpur@skarpur.is)

Og það held ég nú!

Margir bakarar en engir smiðir?

Það er eiginlega hálf pínlegt og í raun grátbroslegt að fylgjast með fréttum af réttarhöldum yfir bankamönnum og öðrum starfsmönnum fjármálastofnana þar sem fjallað er um gjörðir þeirra eða aðgerðaleyfi fyrir Hrunið.

Fyrir þá sem stóðu utan veggja þessarar furðulegu gerfiveraldar og blekkingaheims sem sakborningar lifðu og hræðust í, sem sé meginþorra þjóðarinnar, eru þessi mál auðvitað meira og minna óskiljanleg. Þarna er verið að tala um einhverjar þúsundir milljarða sem er verið að færa fram og aftur milli manna og fyrirtækja og raunar umdeilt hvort þessar fjárhæðir hafi yfirhöfuð verið til. Stundum hverfa einhverjir milljarðar og birtast svo aftur í mýflugumynd á allt öðrum stað sem fáeinir þúsundkallar eða jafnvel með formerkinu mínus og það stórum.

Allt er þetta ofan eða neðan við skilning óinnvígðra. Það eina sem alltaf er öruggt í öllum þessum málum er að enginn jatar sök eða axlar ábyrgð. Jú, það er viðurkennt að milljarðartugir og meira til hafi horfið hér og þar, ýmsir hafi auðgast óskaplega, aðrir tapað gríðarlega, en allt sé þetta eðlilegt og löglegt og sanngjarnt, kannski smá mistök hér og þar en ekkert sem orð sé á gerandi. Með öðrum orðum, enginn ber ábyrgð á Hruninu, enginn ber ábyrgð á faktúrufölsunum, blekkingum, svikum og prettum. Og býttar engu þó menn hafi verið sekir fundir fyrir Hæstarétti, sakleysið heldur áfram að drjúpa af þeim eins og smjör af hverju stráli.

Nokkur dæmi úr nýlegri frétt um svokallað BK-mál: „Verjendum í BK-málinu var í málflutningi í Hæstarétti tíðrætt um að málið væri tilkomið vegna mannlegra mistaka en ekki væri við ákærðu að sakast vegna þeirra.

Það eru mistök sem valda því að valrétturinn var ekki skráður og þau valda þessu gríðarlega tjóni.

Verjandi sakbornings sem dæmdur var í fimm ára fangelsi í héraði, sagði það liggja fyrir að mistök hafi átt sér stað í bankanum. Ekki væri deilt um það heldur hver beri ábyrgð á þeim og hvort þau séu refsiverð.

Verjandi manns sem dæmdur var í fjögurra ára fangelsi í héraði, sagði vandamálið við varnir skjólstaðings síns þær að honum væri gefið að sök háttsemi sem aðrir framkvæmdu og honum væri óneitanlega hugsað til bakarans sem var tekinn fyrir smið.“

Sem sagt. Allt löðrandi í alsaklausum bakaradrenjum sem dómstólar, bæði þeir opinberu og götunnar, keppast við að hengja, en sekir smiðir fyrirfinnast hvergi. Og ástæðan? Jú, þarna voru engir glæpir framdir, ekkert refsivert athæfi ástundað. Vissulega hurfu hundruð milljarða út í buskann, en það voru mistök, og kannski ekki einu sinni mannleg mistök, sennilega fremur einhverskonar kerfisvilla sem enginn mannlegur máttur getur borið ábyrgð á.

Ætli tölvurnar séu ekki bara búnar að taka völdin? Hvernig væri að kæra einhverja helvítis tölvuna, í stað þess að hundelta uppstyttulaust blásaklausa bakaradrengr?

Og það held ég nú. JS

Uppskeruhátíð sundfólks HSP



Ungir og uppennandi þingeysskir sundmenn fá hér verðlaunapeninga.

Sunddeild Völsungs og Sundráð HSP hafa unnið saman að því undarfarin ár að skapa frábært sundfólk á öllum aldri. Á dögunum var komið að uppskeruhátíð sundfólks. Fjöldi fólks var saman kominn í sal Borgarhólsskóla á Húsavík þar sem verðlaunaafhending fór fram fyrir góðan árangur á árinu. Hátíðin var öll hin glæsilegasta og eftir verðlaunaafhendinguna var öllum boðið upp á pizzu.

Framsýn, stéttarfélag gaf sunddeildunum nýjan glæsilegan farandbikar sem kemur í staðinn fyrir eldri bikar sem Fiskiðjusamlag Húsavíkur gaf á sínum tíma. Stigahæsta félagið á svæðinu á hverjum tíma kemur til með að fá bikarinn í sínar hendur til varðveislu í eitt ár. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson, afhenti bikarinn stigahæsta liðinu, það er Sunddeild Völsungs. (framsyn.is)



Sunddrottning Þingeyinga, Valdís Jósefsdóttir, fór heim klifjuð af verðlaunagripum enda stigahæst allra keppenda.

Þá var öldin önnur...



Þessir snillingar voru mikil bæjarþrýði, fermingarbræðurnir Þórarinn Vigfússon og Jósteinn Finnbogason. Hér eru þeir staddir við Safnahúsið árið 1993 og tilefnið að þarna var Jódi að færa Sjómínjasafninu að gjöf eðalfleyið. Hafðísi ásamt tilheyrandi búnaði sem þeir félagar eru hér að yfirfara.

Hreimur gladdi Mývetninga

Karلاكórinn Hreimur hélt boðstónleika í Skjólbrekku á miðvikudagskvöldið 4. nóvember fyrir Mývetninga, í tilefni 40 ára afmælis kórsins.

Þetta góða boð kunni fólk vel að meta og fjölmennti á samkomuna. Söngskráin var fjölbreytt en á þjóðlegum nótum og hressilegum. Söngstjórn Steinþórs Þráinssonar er kröftug og minnti ofurlítið á kórstjórn föður hans fyrrum. Eftirtektarverð og ágæt nýbreytni var kynning dagskrárinnar sem þeir önnuðust skemmtilega Jón Þormóðsson og Guðmundur Jónsson.

Söngnum var feykivel tekið af samkomugestum og tóku þeir því ljúflega nokkur aukalög. Kórinn bauð síðan öllum viðstöddum til kaffisþjalls áður en hver hélt til síns heima undir bragandi Norðurljósum.

Undirleikari kórsins er Steinunn Halldórsdóttir, en einsöngvarar þeir Ásgeir Böðvarsson og Sigurður Þórarinnsson.

Nokkru fyrir stofnun Hreims



Steinþór stjórnandi, Steinunn undirleikari og hluti kórsins og allir kátir. Mynd: BFH

var karlakór að kalla í hverri sveit Þingeyjarsýslu. Fyrir 40 árum höfðu þeir runnið sitt skeið á enda. Hreimur tók upp merki þessara horfnu kóra og hefur þeim söngbræðrum tekist að

bera merkið hátt innan héraðs sem og utan þess, í breyttu þjóðfélagi.

Fyrir það ber að þakka þeim sem glaðir leggja tómsundur sínar í kórstarfið. Hafi kórinn

þökk fyrir 40 ára starfið. Til hamingju með afmælið.

Birkir Fanndal.

Vel mætt til Slægjufundar

Slægjufundur var haldinn á dögnum í Skjólbrekku og hafði verið seinkað um viku í hagræðingarskyni. Undirbúningur var á höndum íbúa Reykjahlíðarþorps og samkomunnar stýrði Jóhanna Jóhannesdóttir.

Samkoman hófst með helgi-stund sem séra Örnólfur sá um, hann stýrði einnig fjöldasöng í samvinnu með Hjördísi Einarsdóttur. Slægjuræðu flutti Gunnar Atli Fjóluson, framkvæmdastjóri. Fjórhent á pianó léku Helgi Þorleifur Þórhallsson og Stefán Örn Kristjánsson. Sólveig Illugadóttir las frumsamdar barnasögur. Skólabörn sýndu dansatriði undir stjórn franskra danskennara sem einnig framkvæmdu áhugavert dansatriði.

Góð mæting var á samkomunni



Jóhanna Jóhannesdóttir stýrði Slægjufundi af röggsemi. Mynd: BFH

og veitingar mikið rausnarlegar. Um kvöldið var síðan stiginn dans af list, með hljómsveit Friðjóns Jóhannssonar. BFH

Hrossahlátur!



Alma Lilja Ævarsdóttir fer áfram á kostum í hestamyndum sínum. Og er varla síðri í myndtextagerð, samanber þennan: "Það er auðvitað drepyndið þegar einhver ætlar að sleikja rafmagnsgirðingu!"

Daníel Már á úrtaksæfingar u-17

Hinn bráðefnilegi knattspyrnumaður Völsungs, Daníel Már Hreiðarsson, hefur verið valinn til úrtaksæfinga fyrir u-17 ára landsliði Íslands í knattspyrnu. Halldór Björnsson þjálfari U17 karla hefur valið tvo úrtakshópa (dregir fæddir 1999 og 2000) til æfinga nú um helgina 13. til 15. nóvember.

Daníel er fæddur árið 2000 og hefur æft og leikið með Völsungi upp yngri flokka. Daníel er meðal 37 dregja sem valdir hafa verið úr 2000 árgangi á öllu landinu. JHF



Daníel í leik með Völsungi í sumar.

Leifur heppni í Kelduhverfi: Leiklistarnámskeið í Skúlagarði



Námskeiðið verður í Skúlagarði.

Ákveðið hefur verið að endurvekja Leiklistardeild Ungmennafélagsins Leifs heppna í Kelduhverfi og stefnt að því að setja upp leikverk í Skúlagarði á komandi vori.

Í tengslum við þau áform verður leiklistarnámskeið haldið í Skúlagarði 20. - 21. nóvember nk. Námskeiðið verður að kvöldi

til á föstudeginum, frá kl. 19:00 - 23:00 og á laugardeginum frá kl. 10:00-14:00. Leiðbeinandi er Ólafur Jens Sigurðsson leikstjóri. Allir áhugasamir eru að sjálfsögðu hvattir til að mæta og geta fengið nánari upplýsingar og látið skrá sig hjá Hrund á netfanginu hrund@kopasker.is



Perlukafararnir

Það var töluvert írafar þegar dýpkunarskipið Perlan brá sér á botninn á dögnum og mikið var kafað í kjölfarið. Jónas Friðrik Guðnason lagði út af þessum aðgerðum í vísu sem hann nefnir Fjárstöðleiti:

Þó lendum í áföllum lön og don og lífsins farkostir brotni, peppar oss upp þessi þrýðis von um perlur á sjávarbotni.

Og Hjálmar Freysteinnsson velti sama máli fyrir sér þannig:

Nú er bannað að fara með forna gripi til förgunar. En hver á að bjarga björgunarskipi Björgunar?

Mögulegur ómöguleiki

Búðarárbakkamaðurinn Arnar Björnsson sem er fyrrum ritstjóri Víkurblaðsins á Húsavík, var að lýsa fótbolta-leik á dögnum þar sem Chelsea kom við sögu. Hann sagði m.a. að áhangendur þessa Lundúnaliðs hefðu verið kátir og hressir í fyrri, „en nú krossleggja þeir bara hendur og bora í nefið á sér.“

Þetta taldi hann fyrrum ritstjóri Víkurblaðsins líkamlegan ómöguleika og reyndi í klukkutíma að bora í nefið á sér með krosslagðar hendur en árangurslaust. Og kvað upp úr með það á facebook að þetta væri kannski sjens fyrir fakíra og fimleikameistara, en útilokað fyrir venjulegt sófáfolk.

Einn af þeirri sortinni, skáldið Jónas Friðrik á Raufarhöfn, hélt nú ekki, blandaði sér í málið og reit: „Iss, hvurslags eiginlega stíðleiki er þetta. Við Suðurhafnartúns menn, sem höfum reyndar öngva ástæðu til að stunda þessa íþrótt, getum þetta auðveldlega. Krossleggja arma frekar ofarlega á bringu, halla höfði í átt að þeirri hendinni sem ofar er, sperra upp vísingur og bingó!“

Sá sem hafði afneitað yfirlýsingu Arnars Björns, fylgdi leiðbeiningum skáldsins út í ystu æsar. Og Jónas Friðrik hafði lög að mæla. Þetta er hægt!

Tveir naglar Hjálmars

Hjálmar Freysteinnsson hittir oft naglann á höfðið og oft fleiri en einn. Hér eru tveir naglar sem tengjast nýlegum málum:

Skýrslugerð er skorpuvinna, skýrleiksfolki verkahröðu gengur oftast fljótt að finna fyrirhugaða niðurstöðu.

Viðhorf Bjarna víst er smart, viðrar nýja þanka: Að almenningur eignist part í eigin banka.

Vel heppnuð Haustgleði í Öxarfjarðaskóla:

Hagyrðingar og ungmenni við Öxarfjörð



Hagyrðingarnir okkar við háborðið. F.v. Tryggvi, Brynjar, Stefán, Ingólfur, María og Þorfinnur. Myndir: Kristján Ingi Jónsson.

Hin árlega Haustgleði unglíngadeildar Öxarfjarðarskóla var haldin fimmtudaginn 5. nóvember. Að þessu sinni var þema kvöldsins "Hagyrðingar við Öxarfjörð."

Nemendur unglíngadeildar hafa nú í áráraðir haldið Haustgleði (stundum Hörpugleði), þar sem sveitunum er boðið upp á að koma, borða góðan mat og njóta skemmtiatriða sem unglíngadeildin sér um að skipuleggja og halda utan um með góðum stuðningi kennara og starfsfólks skólans, ásamt foreldrum.

Haustgleðin er ein af stærri fjárflosum í ferðasjóð nemenda unglíngadeildar. Hráfniskostnaður við stóra veislu er mikill og ljóst að ekki yrði mikill ágóði af kvöldinu ef ekki væri fyrir velvilja fyrirtækja, félagsamtaka og einstaklinga, bæði á skólasvæðinu og utan þess. Fjölmargir aðilar styrkja unglíngana, ýmist með peningastyrk eða afslætti á vörum. Við

erum afar þakklát fyrir þennan stuðning sem krakkarnir okkar eru að fá.

Matseðill kvöldsins var glæsilegur, þriggja rétta veisla. Stefán Haukur og Anna Englund voru yfirkokkar og stóðu sig með stakri þryði. Það er ómetanlegt hversu margir eru tilbúnir að leggjast á árararnar með okkur.

Hagyrðingar

Eins og áður sagði var þema þessa árs Hagyrðingar við Öxarfjörð. Leitað var til 7 valinna hagyrðinga á svæðinu og fór Hrund Ásgeirsdóttir með hluta nemenda í heimsókn til hvers og eins, þar sem tekið var viðtal við viðkomandi sem síðan var unnin upp úr kynning á hverjum og einum sem flutt var á Haustgleðinni. Hagyrðingarnir; Ingólfur í Mörk, Þorfinnur í Ingveldarstöðum, Brynjar í Gilhaga, María í Kílakoti, Tryggvi á Hóli og Stefán Leifur á Leifsstöðum fóru á kostum. Ljóð Erlu á Þverá voru með

okkur þó sjálf væri hún farin af landi brott.

Nemendur lásu einnig upp ljóð eftir hagyrðingana. Þrjár vísnaðar lágu á borðum gesta til að spreyta sig á, hluti nemenda fluttu tónlistaratriði, Ásdís Einarisdóttir í Lóni las verðlaunasmásögu sína fyrir gesti og í lokin söfnuðust hagyrðingarnir við háborð þar sem þeim var fyrst skipt í tvö lið. Lesnar voru upp vísur eftir einhvern úr öðru liðinu og átti hitt liðið að reyna að giska á hver höfundurinn væri. Að síðustu var hagyrðingapáttur þar sem hagyrðingarnir svöruðu í vísu fjörum spurningum sem lagðar höfðu verið fyrir þá þegar viðtölin voru tekin.

Það er aldrei að vita nema fræfi hafi verið sáð meðal ungmennanna og einhver þeirra fari að yrkja ljóð.

Þrjár kynslóðir komu saman

Kannanir innan grunnskólanna



Kokkarnir okkar, Stefán Haukur og Anna Englund.

benda yfirleitt til þess að þeir þættir sem foreldrar telji mikilvægast að börnin þeirra fari með sér upp úr grunnskólanum, séu sjálfstraust og félagsfærni og þetta eru þættir sem vega einnig þungt hjá vinnuveitendum þegar þeir ráða á starf.

Við teljum að í flestum tilfellum sé lærdómsríkt að hafa hlutverk og fá tækifæri til þess að vinna, ekki bara við hlið jafnaldranna, heldur einnig við hlið fullorðinna. Eiga við þá samskipti og læra handtökin og hugsanlega eykur höfleg vinna unglíngnum sjálfstraust og félagsfærni. Þar verða til allt öðru vísi samskipti, auglitis til auglitis, en þau sem unglíngurinn á á vefmiðlum eða í skólanum.

Bæði í aðdraganda og á Haustgleðinni sjálfri stóðu þrjár kynslóðir saman um verkefnið, Haustgleði. Kvöldið tókst afskaplega vel og hefur sjaldan, ef nokkurn tíma, verið jafn fjölmennt. Ekki var annað að heyra en að gestir hefðu verið mjög ánægðir með kvöldið. Gaman var að tengja saman margar kynslóðir, kynna ungmenninum þennan sagnaarf og styrkja um leið gamlar hefðir.

Mannleg samskipti og vöndurhús tækninnar

Mikill hraði og síaukin tækni með tilheyrandi áreiti lítar líf unglíngsins í dag og mikið af samskiptum hans er í gegnum tæknina, ekki augliti til auglitis. Á þessum samskiptamiðlum leyfir unglíngurinn sér oft meira en hann myndi gera augliti til auglitis og fer jafnvel alveg yfir strikið. Eru breyttir tímar og með örri tæknivæðingu, litlum tíma sem fjölskyldur eyða saman og stöðugu lífsgæðakappphlaupi að koma niður á því sem gerir ungmennin okkar að samskipta- og félags hæfum einstaklingum?

Það hefur átt sér stað mikil breyting í samfélaginu og tæknipróunin hefur áhrif á samskiptamáta og félags hæfni ungs fólks í dag. Við megum ekki vera svo auðmjúk gagnvart tækninni að við missum sjónar á mikilvægi

þess að njóta samskipta auglitis til auglitis og láta heim tækninnar um að móta ungmennin okkar um of.

Það er ákveðið áhyggjuefni ef samfélagsgerð vestræns nútímamfélags gerir það að verkum að börn og unglíngar fá ekki tækifæri til þess að þjálfast með sér samskiptahæfni og félagsfærni. Félagsleg færni þroskast í samskiptum við aðra. Þessi hraði, ör tæknivæðing, lífsgæðakappphlaupi fjölskyldna og lítill samvera getur, auk þess að koma niður á félagsfærni, valdið vanlíðan og óöryggi. Á vefmiðlum er auðvelt að komast að unglíngunum. Áreitin eru mörg, og oft erfitt að rísa undir þeim.

Mánudagsmorguninn 12. október var verið að fjalla um norsk ungmenni á RUV og að vanlíðan og geðraskanir unglíngar og barna í Noregi hefðu sjöfaldast frá árinu 2009. Í þessi samhengi var talað um að útlitskröfur til unglíngar væru svo miklar að erfitt væri að rísa undir þeim. Einnig var komið inn á að margir unglíngar einangruðust við tölvuna, m.a. í tölvuleikjum. Eitt af því mikilvægasta sem við getum gefið börnunum okkar er tími. Við þurfum að tala meira við börnin okkar og verja meiri tíma með þeim. Tengjum kynslóðirnar saman, við lærum af því, verðum ríkari og stöndum styrkari.

Guðrún S. Kristjánsdóttir,
Skólastjóri
Öxarfjarðarskóla.
Kristján Ingi Jónsson,
Kennari
við Öxarfjarðarskóla.



Hagyrðingar og gestir á Haustgleði, nemendur þjóna til borðs.

skarpur
þingeykskur fréttamiðill

Fulltrúar V-lista í skipulags- og byggingarnefnd Norðurlþings, Sif Jóhannesdóttir og Röðull Reyrr Kárasón, skrifuðu ágæta grein í síðasta Skarp um skipulagssvæði í miðbæ Húsavíkur sem þau og raunar nefndin, vilja að nefnist Búðarvöllur. Í greininni víkja þau sérstaklega að umræðu, sem undirritaður hóf í blaðinu s.l. vor, um nafn á þetta svæði sem ég vil endilega að verði kallað Guðjohnsenstorg og hef fært fyrir því margvísleg rök. Röðull og Sif koma með gagnrök í málinu og upplýsa hversvegna þau hafa kosið að velja heitið Búðarvöllur.

Hér á eftir ætla ég að skauta yfir röksemdafærslu Rölla og Sifjar.

Völlur, reitur, eða torg?

Fyrst að lið sem er ekki aðalatriði en vel umræðuverður, sem sé hvort eigi að nota orðin völlur, reitur eða torg sem seinni-hluta nafnsins. Aðeins ein rök eru í raun fyrir að nota hugtakið völlur um svæðið, þau að manni finnst það hljóma betur en hin. En eina röksemdin sem greinarhöfundar tefla fram þar um, er tenging svæðisins við vellina, þ.e. göturnar Láðavelli, Brávellii, Sólvelli og Fösvelli.

Gott og vel. En undir hvaða heiti ganga umræddar götur sameiginlega og hafa gert frá upphafi? Jú, Rauða torgið. Af því að þar byggðu verkamenn og kommúnistar og því afar skemmtileg söguleg tenging að vera með Rauðatorgið verkamanna og svo andstæðuna, Guðjohnsenstorgið, svæði kaupmannavaldsins í sama bæ og minnir á stéttaátök á fyrri tíð.

Aðeins eitt vallarnafn hefur verið notað á þessu svæði frá upphafi og það er nafnið Blóðvöllur. Skammt frá Heimabakaríi var sem sé Blóðvöllur Örum og Wulf þar sem fé var slátrað, það rist, flegið, tekið innan úr og þvegið. "Oft var ærið sóðalegt á Blóðvelli; stundum for og bleyta, stundum moldrok, stundum snjór." Segir í minningum bónda úr Reykjahverfi.

Eina vallartengingin á þessum stað er því við heitið Blóðvöllur. Sem sé huggulegt. The Killing Field.

Raunar eru rökin fyrir reits heitinu sterkust. Greinarhöfundar segja sjálfir í upphafi: "*gildandi skipulagi er svæðið kallað Öskjureitur og það heiti var orðið manni nokkuð tamt.*" Þeir tengja samt svæðið við vellina, en í sömu fjarlægð og vellirnir eða Rauða torgið er svæði sem einmitt kallast, jú, Reiturinn, þar sem nú er Grundargarður. En málið er að Reiturinn var á sínum tíma mun víðfeðmari en menn tala um nú. Í Sögu Húsavíkur segir: "Reitur tók við sunnan Naustagils. Reitur var raunar svæðið upp og ofan við sjávarbakkann og náði upp að fjallsrótum."

Með öðrum orðum, skipulagssvæðið sem til umræðu er, var hluti af Reitnun. Í sömu bók segir: "Kaupstaðarlækur eða Guðjohnsenslækur kom

Ritstjórapistill um nafngiftir á Húsavík:

Guðjohnsenstorg, já takk!



Héru eru konur að meðhöndla saltfisk sem þær þvoðu í Guðjohnsenslæknum og var þurrkaður þarna í reitnum.

ofan úr Reitnum og rann fram úr bakkanum norðan við verslunarhús Örum & Wulffs er síðar urðu Guðjohnsenshús." Sem sé bein tenging við Reitinn. Og má svo bæta við að konur þvoðu fisk í Guðjohnsenslæknum sem síðan var þerraður í saltfiskreit rétt hjá Bjarnahúsi.

Ergo: Ef menn vilja festa sig í Búðar nafninu, þá hníga langflest rök að notkun reits sem viðskeytis og lakari rök fyrir torgi og velli. Nema auðvitað mönnum sé umhugað um að viðhalda minningunni um Blóðvöllinn, The Killing Field.

Búðarvöllur???

Skoðum aðeins Búðarvallarnafnið sem svo mjög hugnast greinarhöfundum. Tengingin við Búðarána er augljós. En mér sýnist að Röðull og Sif vilji tengja nafnið við verslunarrekstur á svæðinu almennt, fremur en við eina verslun sérstaklega, því auk Guðjohnsena hafa "*margin starfað lengi við verslun og önnur mikilvæg störf hér í bæ.*"

Og enn fremur: "*Helstu rök fyrir þeirri tillögu að nafni er vísun í hlutverk svæðisins til lengri tíma, þar sem verslun hefur verið stunduð a.m.k. frá upphafi 17. aldar og allt fram á okkar dag.*"



Á Blóðvelli á Húsavík fyrir margt löngu. Húsið t.h. er lifrarbræðsla Guðjohnsens. Konur skola innmatinn í Kaupstaðarlæknum.

Sem sagt, svæði með margar verslanir en ekki eina. En hvers vegna þá í ósköpunum eintala en ekki fleirtala?? Hversvegna ekki Búðavöllur?? Með því að nota eintöluna Búðarvöllur, er verið að tengja nafnið einni búð, og þá kemur aðeins ein til greina, Guðjohnsensverslun. Með öðrum orðum, greinarhöfundar vilja kenna svæðið við Guðjohnsensverslun, en án þess að þurfa að nefna hana á nafn! Annars væri tillagan Búðavöllur.

Og svo eitt enn. Ekki er víst að Búðarnafnið tengist verslun, það gæti verið það gamalt og frá þeim tíma þegar búð þýddi allt annað en verslun. Snorabúð var á Þingvöllum en þar var ekki höndlað. Kannski hefur Garðar Svavarsson reist búð eða búðir á gilbarmi árinna sem rann í gegnum Húsavík, einhver flandrari síðar gengið fram á rústirnar og nefnt ána Búðará? Og í Sögu Húsavíkur segir einmitt: "Þar sem Búðará rennur fram úr bakkanum heitir Búðargil. Sunnan gils voru verbúðir en norðan sölubúðir Örum & Wulff."

Kannski við ættum bara að nefna svæðið **Verbúðavöll**? Og losna þar með alveg við að halda á lofti merki helvítis

kapítalistanna og okraranna frá fyrri tíð?

Nei, við Guðjohnsens!

Helsta ástæðan fyrir andstöðu Röðuls og Sifjar við að nota Guðjohnsensnafnið á svæðið, virðist vera sú að ekki beri að hampa einstaklingum, heldur að leggja áherslu á hið almenna, í raun fjöldann snauða fremur en fyrimenni, eins og lenskan var hér áður fyrr á árunum. "*Að okkar mati er það vel að dregið hefur úr þeirri tilhneigingu að setja fólk á stall, við teljum það framfaraskref að draga úr hetjudýrkun og brjóstmyndaframleiðslu.*"

Segja þau. Og eru að sjálf-sögðu fullgild rök

Og arfavitlaus finnst þeim sú "*röksemd Jóhannesar, að við mættum ekki láta það happ úr hendi sleppa að tengja bæinn við fótboltakappana Arnór og Eið Smára Guðjohnsen.*" Og bæta við:

"*Jú, sannarlega eiga þeir feðgar ættir sínar að rekja til Húsavíkur, Arnór meira að segja fæddist hér og bjó til 9 ára aldurs, tók hér sín fyrstu fótboltaspörk. En meira er það nú ekki, væntanlega eiga þeir ættir að rekja til fleiri staða á landinu.*"

Það er auðvitað rétt. En

Guðjohnsenar sjálfir tengja sig fyrst og fremst við Húsavík. Eða vígðu þeir minnismerki um ættföðurinn Þórð og þar með ættina á 150 ára afmæli hans, á öðrum stöðum á landinu?

Shopping field? Very interesting!

En gott og vel. Skoðum þetta aðeins. Greinarhöfundar segja að ég "*telji að hið eina rétta í stöðunni sé að nýta tækifærið til að minnast framlags Guðjohnsens ættarinnar í sögu Húsavíkur.*"

Þarna liggur nefnilega hundurinn grafinn og hnifurinn á kafi í kúnni. Ég rakti vissulega verslunarsögu Guðjohnsena á Húsavík og fjallaði um þá fótboltafeðga, en aðeins til að undirbyggja höfuðröksemd mína fyrir nafninu Guðjohnsenstorg, sem er sú að ekkert íslenskt nafn á manni eða mönnum (fyrir utan Björk) er þekkta í veröldinni en nafnið Guðjohnsen, eða öllu heldur Gudjohnsen. Þetta ætti Röðull Reyrr að skilja, þó ég skilji að Sif kannski átti sig síður á þessari staðreynd.

Sem er sú að nafnið Guðjohnsen þekkja fleiri í heiminum en nöfnin Laxness, Finnbogadóttir, Snorri Sturluson, Gunnar Nelson og bara nefndu þau.

Verslunar- og knattspyrnusaga Guðjohnsena er í raun aukaatriði. Ef Guðjohnsenar hefðu verið klerkar hér eða kotbændur og átt afkomendur sem væru öllum öðrum Íslendingum þekktari erlendis (fyrir utan Björk) sem málalarar, rithöfundar, ballettdansarar, landkönnuðir, arkitektar eða grínistar, þá hefði ég lagt til að umrætt svæði bæri þeirra nafn. Og ef þeir hefðu verið Sívertsenar hefði tillagan auðvitað verið Sívertsenstorg.

Sif og Röðull skrifa: "*Við þurfum ekki að leggja okkur í líma við að draga fram tengsl við heimsfræga Íslendinga til að heilla þá sem hingað koma. Leggjum frekar áherslu á að fegra bæinn, auka aðgengi að náttúrunni og vekja athygli á sögu okkar og menningu.*"

Biðið við, leggja okkur í líma? Við erum að tala um að samþykkja nafn, það kostar ekki neitt og minnkar ekki möguleika okkar á að "vekja athygli á sögu og okkar og menningu." Sum nöfn gætu jafnvel aukið líkur okkar á að gera það umfram önnur.

Leiðsögumaður með hóp erlendra eða íslenskra ferðamanna á Búðarvelli: "Þetta er nú Búðarvöllur (eða the shopping field) og hér var mikið verslað og er enn."

Væntanlega vekur það ekki brennandi áhuga, hvorki Íslendinga né erlendra gesta, að verslanir hafi verið starfræktar á Húsavík, enda varla einsdæmi í heiminum. Og málið þar með dautt, útrætt og litlir möguleikar fyrir leiðsögumann að vekja frekari athygli á sögu okkar og menningu.

En ef sami leiðsögumaður væri með sama hóp á Guðjohnsens-torgi, eru verulegar líkur á að

Alþjóðadagur sykursjúkra er n.k. laugardag:

Árlegar mælingar í boði Lionsmanna í Bakka



Birgir Þór, "Heilbrigðisráðherra" Lionsklúbbs Húsavíkur.

og blóðþrýstingsmælinga í Lionshúsinu Bakka á Húsavík. Síðan er fyrirhugað að fara víðar um sýsluna með þessar mælingar eins og áður hefur verið gert, að sögn Birgis Þórs Þórðarssonar, sem hefur verið Lionsmanna ötulastur í þessu starfi sem og í öðrum heilbrigðismálum sem klúbburinn hefur beitt sér í.

Mælingar fara fram í Bakka n.k. laugardag frá kl. 14 til 17. Starfsfólk frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands verða á staðnum og mun framkvæma mælingar og fólk fær niðurstöðuna strax að mælingu lokinni. Öllum sem reynast vera of háir í blóðþrýstingi og/eða syki er ráðlagt eftirlit á heilsugæslustöð. Og að venju er gestrisni Lionsmanna við brugðið og þeir bjóða upp á kaffi og rjómarvöflur á staðnum.

Að sögn Birgis hafa um 600 manns á svæðinu nýtt sér þessa þjónustu á síðustu 5 árum, flestir auðvitað á Húsavík en fólk víðar í sýslunni hefur einnig verið duglegt að mæta. Og hann leggur áherslu á að þessar mælingar séu í boði fyrir fólk á öllum aldri sem vill fylgjast með eigin heilsu og óttast sykursýki eða aðra kvilla sem mælingar gætu leitt í ljós.



Mælingar í Bakka í desember s.l. Pétur Skarphéðinsson í öruggum höndum Ágústu Tryggvadóttur og Katrínar Guðmundsdóttur frá Heilbrigðisstofnun.

"Auk Húsavíkur höfum við farið á Þórshöfn, Raufarhöfn, Kópasker, Mývatnssveit og Þingeyjasveit. Þátttaka hefur yfirleitt verið góð og ekki síst hefur fólk lýst yfir ánægju sinni og þakklæti með þetta framtak." Segir Birgir.

Hann lýkur miklu lofsorði á samstarfið við starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og nú Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. "Þau hafa verið okkar stoð, stytta og bakhjarl frá upphafi og hafa sinnt sínu starfi af mikilli alúð og ljúfmennsku og

það fáum við fullseint þakkað."

Sagði "Heilbrigðisráðherra" Lionsklúbbs Húsavíkur, Birgir Þór Þórðarson. JS

Langri sögu lokið



Við sögðum frá því á dögunum að til staði að rífa húsið Steinholt sem byggt var á Húsavík fyrir eitthundrað og ellefu árum. Nú hefur þetta gamla hús verið jafnað við jörð og hér sést síðasta húshornið uppistandandi. Ef þessir veggir og veggjabrot gætu talað, þá hefðu þau ugglust frá ýmsu að segja.

Leiðrétting

Í umfjöllun um íþróttæfingar eldri borgara í síðasta Skarpi var birt mynd af Flemming Jessen sem kom gagnert norður til að kenna heimamönnum ringó. Flemming kom hingað að sunnan ásamt tveimur öðrum og láðist að geta þess að þetta ágæta fólk var hér sem leiðbeinendur á

vegum FÁÍÁ – Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra, og UMFÍ. "Við vinnum að því að útbreiða hreyfingu meðal eldra fólks og gerum það í sjálfbærni og vinnu." Sagði Flemming í samtali við Skarp.

Og er það hér með upplýst. JS



Tónar úr Aðaldal í Ástralíu!



Kynningarplakat vegna lokatónleika Nönnu Faulkner.

Það er óhætt að segja að tónar úr Aðaldal muni hljóma hinum megin á hnettinum um helgina. Þá kemur fram á útskriftartónleikum í "the Western Australia Academy of Performing Arts" Nanna nokkur Faulkner, sem að sjálfsögðu er dóttir hinna ástsælu tónlistarhjóna Juliet og Robert Faulkner sem störfuðu um árabíl við Hafralækjarskóla og komu víða við í tónlistarlífi á svæðinu. Nanna sleit barnsskónum á Hafralæk og fluttist með foreldrum sínum til Ástralíu þar sem þau hafa starfað síðan.

Robert faðir hennar tjáði Skarpi að Nanna væri að ljúka Bachelor of Music gráðu og eru þetta lokatónleikar hennar að því

takmarki. Hún hefur lagt stund á slagverk með aðaláherslu á marimbuleik. "Nanna hefur ofsa gaman af því að lemja, slá, hrista og skrapa - og er bara svakalega góð í því!" Segir karl faðir hennar stoltur.

Efnisskrá tónleikanna er alíslensk, verk eftir Björk og Áskel Mátsson og útsetningar Nönnu á íslenskum þjóðlögum. Og svo rúsína í pylusendanum, glænýtt verk eftir tónskáldið Örlyg Benediktson frá Bergsstöðum í Aðaldal sem var einmitt nemandi Bob og Juliet í Hafralækjarskóla!

Sem sagt, Aðaldalurinn mun svífa yfir vötnunum í Ástralíu um helgina. JS

Pingeyingur í paula?



Nafn, aldur og heimilisfang: Eiður Pétursson. 37 ára. Lyngholt 5. Húsavík.

Foreldrar: Pétur Helgi Pétursson og Gunnlaug María Eidsdóttir.

Heimilishagir: Giftur Katrínu Guðmundsdóttur hjúkrunarfræðingi og saman eigum við Birtu Maríu 10 ára og Guðmund Inga 7 ára, aungvin hundur er á heimilinu og sláum við ekki heldur þaki yfir fiðurfénað af neinu tagi.

Starf og fyrri störf: Vélfræðingur, starfa sem yfirvélstjóri hjá Samherja á frystitogaranum Kristina EA 410. Hóf störf hjá Samherja með skóla sumarið 1997 og hef starfað hjá þeim meira og minna síðan þá.

Áhugamál: Veðimennska af öllu tagi hefur fylgt mér alla tíð og er þá helst að nefna

flugustöngina sem ég reyni að nota við öll tækifæri sem gefast. Svo má ekki gleyma blakinu maður, ég fæ stundum að vera með góðum vinahópi í blaki ef vantar í lið, er samt bæði stirður og seinn, sem teljast seint til góðra kosta blakmanna.

Uppáhaldsjurt: Íslenska birkið er það klárlega, hef barist ötullega fyrir því að fá að setja upp birkitré í garðinum mínum án teljandi árangurs.

Fólk sem þú dásir: Er svo heppinn að eiga að stóra og samheldna fjölskyldu ásamt miklu magni af góðum vinum "það er fólkið sem ég dásir", það er nú bara þannig.

Hvað skortir Pingeyinga helst: Ég er ekkert svo viss um að Pingeyinga skorti nokkuð, get ekki betur séð en að hér hafi allir dugandi menn nóg að gera, nema þá að allir vilji vinna á skrifstofum, þá vantar nú sennilega fleiri skrifstofur.

Sögupersónur sem þú dásir: Forrest Gump og þá sér í lagi fyrir hans mikla frumkvöðlastarf við rækjuveiðar. Ég hef oft sagt að það sé svolítil Forrest í okkur öllum, ef menn væru duglegri að tileinka sér hans nálgun á lífið og tilveruna þá væri ekki svona mikið vesen úti um allt.

Afslöppun: Í góðum félags-

skap með flugustöng úti í á er hin fullkomna afslöppun, allar heimsins áhyggjur fljóta framhjá með straumnum án þess að þú hafir nokkuð um það að segja, stundin er þín og því ekkert annað í stöðunni en að njóta.

Geðslegustu tónlistarmenn: Er alger alæta á góða tónlist, af íslenskum hlusta ég helst á Skálmöld og Sólstafi, en að sjálfsögðu er slegið á léttari strengi inn á milli.

Uppáhaldsleikarar: Tom Hanks skapaði Forrest vin minn, þarf eitthvað að segja meira??

Íþróttamenn til eftirbreytni: Fyrir mér eru það íþróttamenn sem leggja sig alla fram við það sem þeir eru að gera og viðhafa heiðarleg vinnubrögð, það eru íþróttamenn til eftirbreytni. Íþróttir eru fyrir alla og þurfa menn ekki endilega að vera bestir í heimi í sinni grein til að vera öðrum til eftirbreytni.

Uppáhalds sjónvarpsefni: Horfi ekki mikið á sjónvarp, enski boltinn er tekinn ef tími er til og svo stöku fréttatími.

Hvað tækirðu helst með þér til langdvalar á eyðieyju: Mér finnst ég alltaf hálf ómögulegur ef ég er ekki með öll helstu verkfæri í seilingarfjarlægð. Ég veit svo sem ekki hvað ég ætti að gera við með þessum verkfærum, þarna einn á einhverju flæðiskeri, en það er samt pottþétt að þetta mun allt saman bila ef ég er ekki

með verkfærin með mér.

Frambærilegustu

stjórnmálamenn: Er haldinn bráðaofnæmi fyrir stjórnmálamönnum sem tala og tala út í eitt án þess að segja nokkuð. En svona heilt yfir þá virði ég stjórnmálamenn almennt fyrir það eitt að nenna að standa í þessu, held að þetta sé skelfilegt starf.

Félög sem þú styður: Völsungur er náttúrulega mitt lið og í enska boltanum fylgi ég Liverpool. Var ungur og óreyndur þegar ég tók það upp að fylgja því ágæta liði, hafði ég þá ekki minnstu hugmynd um það hvaða hugarangri þessi ákvörðun ætti eftir að valda mér síðar á lífsleiðinni, en þú skiptir ekki um hest í miðri á og gildir það sama um enska boltann, YNWA.

Bestu snyrtivörurnar: Þær sem ná að þrifa svartolíu af höndunum á mér án þess að taka alla húðina af í leiðinni.

Fyrirmyndarfatahönnuðir: Þessir gæjar sem gera allan þennan góða veiðifatnað, svo ég tali nú ekki um þá sem bróðera saman þessa góðu vélsleðagalla, það eru alvöru skráddarar.

Draumabíllinn: Er haldinn Land Rover blæti á mjög háu stigi, það sagði mér fróður maður að þessi veiki sé "krónísk," hvað svo sem það þýðir, en orðið er allavega flott og líklegt til að þýða eitthvað mjög merkilegt.

Uppáhalds matur: Jólarijúpan

er alltaf sú máltíð sem mest stemmning er yfir, allt tilstandið í kringum hana setur hana klárlega í toppsætið.

Draumalandið: Búinn að fara víða um lönd og höf og það er ekkert sem toppar Ísland, það er bara þannig.

Besti staður/staðir á Íslandi: Laxá í Aðal dal. Á Laxárbökkum er ekki annað hægt en að átta sig á því hversu mikið maður skuldar almættinu fyrir það eitt að fá að taka þátt í þessu partyi sem hér er í gangi.

Hvað áttu ógert: Öll verkefni morgundagsins eru ógerð í dag, en við skulum nú samt bíða til morguns með að ráðast í þau verkefni.

Mottó: Að reyna eins og hægt er að mæta þeim verkefnum sem fyrir eru lögð á jákvæðan hátt. Um borð í stórum frystitogara er nú yfirleitt það mikið af verkefnum sem liggja fyrir hverju sinni að jákvæðni, bjartsýni og frjó hugsun eru verkfæri sem eru gríðarlega mikilvæg.

Eitthvað að endingu: Ég held að þessi stíll sé nú þegar orðinn allt of langur og sé magnið af pappír sem fer í þessa prentun á hraðri leið með að setja blaðaútgáfuna í gjaldþrot, þannig að það gáfulgasta í stöðunni er að setja punkt hér.

Framhald af bls. 5

ein hver úr hópnum spurði að fyrri bragði hvort þetta nafn tengdist eitthvað Arnóri eða Eiði Smára Guðjohnsen? Og þá gæfist nú heldur betur tækifæri til að ræða málin og upplýsa viðstadda um ýmsa þætti í sögu okkar og menningu, ekki síst verslunarsöguna.

Vituhð þér enn, eða hvað?

Kvennagötur á Húsavík, já takk!

Og svo að lokum aðeins nokkur orð, fulltrúum V-listans í skipulags- og byggingarnefnd til upplýsingar. Þau vekja í greininni athygli á að fimm götur á Húsavík eru kenndar við karlmenn, Baldursbrekka, Garðarsbraut, Héðinsbraut, Ketilsbraut og Pálsгарður, en engar götur bera nöfn kvenna, og því komi klisjan "miðaldra, hvítur karlmaður" upp í hugann.

EKKI kveðast þau þó þekkja til hlýtar tilurð og sögu þessara nafna, nema Garðarsbrautar, en reikna megi með að góðar og gildar ástæður séu að baki hinum nöfnunum. Og bæta við að þau séu líka viss um að hér á Húsavík líkt og annars staðar, hafi verið margar kjarnakonur sem höfðu áhrif á uppbyggingu staðarins og mótun samfélags.

Hér er sjálf sagt að rétta Röðli og Sif hjálparhönd og benda þeim á grein sem femínistinn, ritstjóri Skarps, skrifaði í blað sitt árið 2012 undir yfirskriftinni: **Fimm karlagötur en engin kvennagata á Húsavík!**

Greinin var rituð í tölínefni af því að þá voru Reykvíkingar að breyta nokkrum götuheitum í miðborginni í því skyni að efla kynjajafnvægi strætanna, þ.e. kenna götur, troðninga og torg við nafntogaðar konur í sögunni, en ekki einungis við karla.

Rakin var tilurð nafna á karlagötunum á Húsavík. Garðarsbraut kennd við Garðar Svavars-son. Héðinsbraut og Ketilsbraut við landnámsmanninn Héðinn Þorsteinsson (sem bjó á Héðins-höfða) og tengdason hans Ketil Fjörleifsson. Pálsгарður dregur nafn sitt af samnefndum garði sem enn má sjá leif af uppi á Háhöfða, en garðinn reisti Páll Johnson, verslunarmaður hjá Örum & Wulff. Og Baldursbrekka er nefnd eftir býlinu Baldurshaga sem stóð þar sem nú er Baldursbrekka 2 og hefur ugglást verið kennt við Baldur hinn hvíta ás, fremur en einhvern gildan bónda eða þurrabúðarmann. (Já, og hvernig væri bara að nefna skipulagssvæðið "Purra-

búðarvöll," í minningu hinna fátæku hokrara sem húktu hér nafnlausir og liggja enn óbættir hjá garði?)

Ennfremur var vakin athygli á að konur þeirra Héðins og Ketils báru nöfn og hétu Guðrún og Arnriður, sú síðarnefnda var dóttir Héðins og Guðrúnar, en Ketill og Arnriður bjuggu á Húsavík.

Og síðan lagði ritstjórnin til að Húsvíkingar fetuðu í fótspor Reykvíkinga og færu að endurnefna stræti og torg til heiðurs konum. Og beint lægi þá við að brúka nöfn eiginkvenna þeirra Héðins og Ketils, og t.d. kjörð að efri Ketilsbraut yrði endurskríð Arnriðarbraut og sú neðri héldi nafni, þannig að Arnriður væri á ný komin upp á Ketil - nú eða öfugt ef menn kysu svo. Þá mætti vel skíra sneiðinginn frá Höfðavegi niður á Héðinsbraut (sem oftast er kallaður Villasnaiðingur) Guðrúnarsneiðing og sameina þannig þau hjón Héðinn og Guðrúnu á ný eftir margra alda aðskilnað.

Bara svona til umhugsunar fyrir jafnréttissinnaða fulltrúa í skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings.

Jóhannes Sigurjónsson.

fréttaskot úr fortíðinni **Úturblaðið**
í fréttum fyrir aldarfjórðungi – 8. nóvember 1990

Höfði kaupi bréf FH í Íshafi og Íshaf bréf FH í Höfða

Í umræðum í bæjarstjórn um stöðu Fiskidjusamlags Húsavíkur og togaraúterðanna Höfða og Íshafs, vegna veðtöku FH í hlutabréfum sínum í Íshafi hf, lýsti Bjarni Aðalgeirsson þeirri skoðun sinni að sameina bæri FH og útgerðirnar.

Kristján Ásgeirsson, útgerðarstjóri Höfða og Íshafs, var ekki sammála þessu og vildi fara aðrar leiðir. Hann taldi rétt að bærinn ábyrgðist lántöku FH upp á 32 milljónir með veðum í hlutabréfum Íshafs, því ef illa færi þá yrði niðurstaðan einfaldlega sú að eignarhlutur bæjarins í Íshafi myndi aukast.

Kristján taldi og að ef ekki tækist að auka hráfni til FH verulega, þá yrði rekstur þess erfiður og eins og væri þá staðið innkoman ekki undir greiðslubyrði. „Staðan er erfið en ekki óviðráðanleg," sagði Kristján.

En hann vildi ekki sameina fyrirtækin, taldi áhættuna of



Kristján Ásgeirsson.

mikla þegar staða FH væri viðkvæm og veðhæfi ekki fyrir hendi. Kristján taldi því rétt að fara þá leið að útgerðarfélag togaranna eignuðust hlutabréf hvort í öðru. Þannig mundi Íshaf kaupa bréf FH í Höfða og Höfði síðan kaupa bréf FH í Íshafi. Það myndi tryggja að tilverugrundvöllur skipanna yrði ekki háður afkomu FH og ekki yrði gengið á þau verðmæti sem í kvótanum felast. JS

Norðursigling sankar að sér viðurkenningum heima og erlendis:

Verðlaun fyrir umhverfisvæna ferðamennsku

Norðursigling hlaut silfur-verðlaun World Responsible Tourism Awards 2015 á World Travel Market (WTM) í London þann 4. nóvember sl. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskt ferðaþjónustufyrirtæki er heiðrað með þessum hætti á WTM sem er ein stærsta og mikilvægasta ferðasýning heimsins. Verðlaunin fékk Norðursigling fyrir Opal verkefnið, en Opal er rafknúð hvalaskoðunarskip hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

Seglskipið Opal er tækni-væddasta skipið sem notað er í hvalaskoðun á Íslandi en skipið er með nýjan og sérhannaðan skrúfubúnað sem hleður rafgeyma skipsins undir seglum. Rafgeymar Opal eru hlaðnir með umhverfisvænni orku í höfn en þegar siglt er undir seglum er hægt að breyta skurði skrúfublaðanna og hlaða rafmagninn á geyma skipsins. Hvalaskoðunin verður vegna þessa enn hljóðlátari sem hefur jákvæð áhrif á upplifun gesta og hefur mun minni truflandi áhrif á hvalina sem skoðaðir eru. Búnaðurinn hefur vakið mikla athygli erlendis og hefur Norðursigling nú uppskorið verðlaun fyrir vikið.

Á Ferðamálaþingi sem haldið var á Akureyri í október sl. hlaut Norðursigling Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu 2015. Dórnafnd horfði sérstaklega til Opal verkefnisins sem og áherslu Norðursiglingar á verndun og

viðhald gamalla eikarbáta. Síðast en ekki síst var Norðursigling valið fyrirtæki ársins af Markaðsstofu Norðurlands. Þessi viðurkenning er veitt til fyrirtækis sem hefur skapað sér stöðu á markaði og unnið að stöðugri uppbyggingu og vörupróun.

Í september sl. bættist nýr hluthafi, Eldey TLH hf. í hóp eigenda Norðursiglingar. Eldey fjárfestir í sterkum afþreyingarfyrirtækjum sem hafa uppbyggingu, vörupróun og sjálfbærni að leiðarljósi. Eigendur Eldeyar eru ýmsir fagfjárfestar m.a. lífeyrisjóðir. Aðrir eigendur Norðursiglingar eru stofnendurnir og bræðurnir Hörður og Árni Sigurbjarnarsynir og Heimir Harðarsson.

Framkvæmdastjóri Norðursiglingar, Guðbjartur Ellert Jónsson, segir að verðlaunin á WTM og Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu og viðurkenning frá Markaðsstofu Norðurlands skipti félagið mjög miklu máli.

„Við verðum vör við það að ferðamenn eru í síauknum mæli að velta fyrir sér umhverfisáhrifum og viðurkenningar sem þessar hvetja okkur áfram í þróun sjálfbærrar og umhverfisvænnar ferðaþjónustu. Það eru spennandi tímar framundan við að efla og bæta vistvænt vöruframboð félagsins og vinna með nýjum hluthafa sem óneitanlega setur enn meiri byr í seglin.“ Sagði Guðbjartur Ellert. JS



Guðbjartur Ellert Jónsson fyrir miðju, tekur á móti verðlaununum frá Justin Francis og Prófessor Harold Goodwin frá WTM Responsible Tourism.

Ný flugvél í flota flugfélagsins Ernis: 40% aukning í flugi til Húsavíkur



Nýja flugvélin Ernis.

Flugfélagið Erni hefur fjárfest í nýrri flugvél. Um er að ræða Jetstream 32, 19 farþega skrúfubotu, en fyrir á félagið þrjár slíkar

vélar ásamt minni flugvélum. Nýja flugvélin er keypt frá Red Star í Tyrklandi og flaug áhöfn frá Flugfélaginu Erni vélinni til Reykjavíkur.

Þessi viðbót við flugvélaflota félagsins er kærkomin því mikil aukning hefur átt sér stað í farþegaflutningum í áætlunarfluginu og hefur leiguflugum einnig farið fjölgandi. Til að mynda hefur aukning á flugferðum til Húsavíkur, vegna stóriðjuframkvæmda og ferðamannastraums, aukist um 40% milli ára og til Vestmannaeyja um 30%. Áætla má að enn fleiri ferðum til þessara áfangastaða verði bætt við á nýju ári til að anna þeirri eftirspurn sem er að myndast. Á aðra áfangastaði hefur farþegum einnig fjölgað töluvert og er útlitið mjög gott bæði hvað innlenda og erlenda farþega varðar.

Kaup á nýrri flugvél eru því ekki hvað síst vegna mikils uppgangs á flugleiðum félagsins en Flugfélagið Erni flýgur til fimm áfangastaða innanlands, Húsavíkur, Vestmannaeyja, Hafnar í Hornafirði, Bíldudals og Gjögurs. JS

spurt er...

Hvaða fiskmeti fílarðu best?



Þráinn Gunnarsson: „Haukamýrarbleikju og Jólásild Lions.“



Hlífur Karlsson: „Signa grásleppu með kartöflum, rúgbrauði og íslensku smjöri.“



Bárður Guðmundsson: „Skötu með hnoðmör.“



Helgi Kristjánsson: „Harðfisk, með heilbrigðu íslensku smjöri, en ekki einhverri smjörvadrullu.“



Árni Vilhjálmsson: „Sildina frá Lionsklúbbi Húsavíkur.“



Kvíabekkur, baðaður í skini norðurljósa á mynd Hreins Hjartarson. Nánast er búið að loka og ganga frá nýbyggingu „gamla“ torfbæjarins fyrir veturinn. Og nú vantar bara meira fjármagn til að halda áfram með þessar framkvæmdir.